

# Landsbankinn (NBI hf.) fær stofnefnahagsreikning

# Stofnefnahagsreikningur Landsbankans (NBI hf.) birtur

## Heildareignir 944 milljarðar króna<sup>1</sup>

- Uppgjöri lokið við Landsbanka Íslands hf.
- Mikilvægur þáttur í endurreisn bankakerfisins
- Landsbankinn er stærsta fjármálastofnun landsins
- Erlend langtímafjármögnun tryggð

Uppgjöri Landsbankans (NBI hf.) og Landsbanka Íslands hf. er nú lokið með samkomulagi fjármálaráðuneytisins fyrir hönd Landsbankans (NBI hf.) við skilanefnd Landsbanka Íslands hf. Með því lýkur því ferli sem hófst við fall Landsbanka Íslands hf. á síðasta ári og markar upphaf að vegferð Landsbankans.

### Efni uppgjörs

Samið hefur verið um að Landsbankinn gefi út 247 milljarða króna skuldabréf<sup>2</sup> til Landsbanka Íslands hf. Skuldabréfið er í erlendum gjaldmiðlum til 10 ára og af því verða aðeins greiddir vextir fyrstu fimm árin. Með þessu er Landsbankanum tryggð langtíma erlend fjármögnun sem miklu mun skipta fyrir íslenskt efnahagslíf. Þá er gert ráð fyrir að gefin verði út hlutabréf til gamla bankans að fjárhæð 28 milljarðar króna sem svarar til um 20% heildarhlutafjár Landsbankans.

Heildarfjárhæð skuldabréfsins og hlutabréfanna samsvarar mati Landsbankans á yfirteknum eignum umfram skuldir, en er lágmarksverðmæti eignanna að mati skilanefndar og ráðgjafa hennar. Fari svo að verðmæti yfirfærðra eigna reynist meira en mat Landsbankans gerir ráð fyrir mun bankinn gefa út viðbótarskuldabréf til Landsbanka Íslands hf. sem gæti numið allt að 92 milljörðum króna, en þess í stað fengi ríkissjóður áðurnefnd hlutabréf að fjárhæð 28 milljarðar að miklu leyti til baka. Óháður aðili mun annast lokamat á verðmæti eignanna í árslok 2012.

Með samkomulaginu verður eignarhlutur ríkissjóðs í Landsbankanum ekki lægri en 80% en gæti orðið töluvert hærri ef efnahagsþróun reynist hagstæð fram til loka ársins 2012 sem yrði til þess að nýi bankinn gæfi út viðbótarskuldabréf.

Það er mat Landsbankans að með þessu sé mikilsverðum áfanga náð. Bankinn er nú fullfjármagnaður og með sterka eiginfjárstöðu.

Fulltrúi kröfuhafa tekur fljótlega sæti í stjórn Landsbankans.

<sup>1</sup> Allar fjárhæðir eru miðaðar við stofnefnahagsreikning móðurfélagsins dagsettan 8. október 2008

<sup>2</sup> Nafnverð skuldabréfsins nemur 260 milljörðum króna, en það færast sem 247 milljarðar króna í reikningum bankans, vegna hagstæðra vaxtakjara.

## Sögulegt hlutverk

Landsbankinn byggir á arfleið Landsbanka Íslands hf. Nú starfa hjá bankanum 1.186 starfsmenn í 1.090 stöðugildum og hann rekur 37 útibú um allt land. Bankinn veitir viðtæka og trausta þjónustu, rekstrarkostnaður er lágur og samkeppnisstaðan sterk. Landsbankinn er stærsta fjármálastofnun landsins. Markaðshlutdeild hans meðal fyrirtækja er um 40% og ríflega 27% meðal einstaklinga.

Fortíð bankans er engum dulin og þau mistök sem gerð hafa verið á næstliðnum árum hafa reynst samfélaginu öllu og sérstaklega starfsfólki hans þungur baggi að bera. Við bankann starfar afburðagóður hópur sem lagt hefur fram ómetanlega vinnu frá bankahruninu og lagt með því grunn að endurreisn efnahagslífsins. Starfsfólkið hefur tekið virkan þátt í mótun stefnu bankans og horfir nú fram á veginn undir einkunnarorðunum; virðing, heilindi, fagmennska og eldmóður. Landsbankinn hefur alla tíð leikið lykilhlutverk í uppbyggingu og viðgangi atvinnulífs til sjávar og sveita og starfsfólk bankans ætlar sér slíkt hlutverk áfram.

Á liðnu ári hefur verið unnið ötullega að endurskipulagningu fjármála fjölda einstaklinga og fyrirtækja. Bankinn vill gera sitt til að tryggja velferð almennings og er meðvitaður um að endurreisn atvinnulífsins og full atvinna eru forsendur hennar. Áframhaldandi traustur rekstur öflugra fyrirtækja er höfuðforsenda þess að hægt sé að ná þessu markmiði.

## Endurskipulagning

Á því rúma ári sem liðið er frá bankahruninu hefur Landsbankinn verið endurskipulagður að miklu leyti, áherslum í rekstri hefur verið breytt og bankinn hefur brugðist við gjörbreyttum aðstæðum. Sett hafa verið á stofn dótturfélögin Vestia og Reginn til að takast á við endurskipulagningu fyrirtækja sem bankinn eignast að fullu eða stærstu leyti og dótturfélagið Horn hefur tekið yfir umsýslu og varðveislu hlutabréfa í eigu bankans. Þá á bankinn dótturfélagið Hömlur sem sér um meðferð þeirra fullnustueigna sem bankinn eignast en mikil áhersla er á að selja eignir strax og aðstæður leyfa. Önnur fyrirtæki sem heyra til samstæðunni eru m.a. Landsvaki og SP Fjármögnun.

Eignarhald Landsbankans er skýrt og hlutverk hans sömuleiðis. Erlend langtíma fjármögnun er tryggð með skuldabréfinu sem Landsbankinn gefur út. Þetta er gríðarlega mikilvægur þáttur í rekstri bankans og ekki síður fyrir íslenskt atvinnulíf í heild sinni, enda á það ekki kost á annarri erlendri fjármögnun sem stendur.

## Lykiltölur úr stofnefnahagsreikningi

### *Eignir og skuldir*

Heildareignir Landsbankans eru 944 milljarðar króna, þar af nema útlán til viðskiptavina bankans um 608 milljörðum króna, eiginfjárframlag íslenska ríkisins er 122 milljarðar, lausafé 39 milljarðar, hlutabréfaeign 30 milljarðar og skuldabréfaeign 24 milljarðar.

### *Útlánasafn*

Góð dreifing er á útlánasafni bankans, um 78% þeirra eru til fyrirtækja en um 22% til einstaklinga. Um 26% útlána eru til sjávarútvegsfyrirtækja, um 15% tengjast fasteignaviðskiptum, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Rétt 9,4% lána eru til eignarhaldsfélaga og rúmlega 26% lána eru til annarra atvinnugreina.

### *Skuldir*

Innlán viðskiptavina nema nú rétt um 462 milljörðum króna. Innlán fjármálastofnana eru um 85 milljarðar króna. Þá nemur upphæð skuldabréfs vegna yfirtöku lána úr Landsbanka Íslands hf. 247 milljörðum króna.

### *Gjaldeyrisjöfnuður*

Við flutning eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. yfir til Landsbankans myndaðist einnig töluvert ójafnvægi í myntsamsetningu efnahagsreiknings bankans. Bankinn tók yfir mikið af eignum, aðallega útlán, í erlendri mynt en skuldirnar eru á móti aðallega innlán í íslenskum krónum. Með útgáfu skuldabréfs til Landsbanka Íslands hf. leiðréttist þetta ójafnvægi umtalsvert þar sem skuldabréfið er í erlendri mynt.

### **Breytingar frá birtingu bráðbirgðaefnahagsreiknings**

Fjármálaeftirlitið birti þann 14. nóvember 2008 bráðabirgðaefnahagsreikning bankans. Samkvæmt honum voru heildareignir nýja bankans nokkuð hærri en samkvæmt nýbirtum stofnefnahagsreikningi. Það skýrist í meginatriðum af því að þann 14. nóvember 2008 lá ekki fyrir endanleg ákvörðun um yfirfærslur eigna og hafa því tölur breyst nokkuð frá því sem þá var.

# Stofnefnahagsreikningur Landsbankans (NBI hf.)

Allar upphæðir eru í milljónum króna

Eignir	Stofnefnahagsreikningur móðurfélags m.v. 8.10.2008*
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	38.602
Fjárhagslegar eignir	54.739
Kröfur á lánastofnanir	54.805
Lán	608.257
Hlutir í hlutdeildar- og dótturfélögum	55.160
Rekstrarfjármunir	6.624
Ógreitt eiginfjárframlag	121.225
Aðrar eignir	4.245
<b>Eignir, samtals</b>	<b>943.658</b>
<b>Skuldir</b>	
Innlán lánastofnana	84.793
Innlán	462.065
Lántaka	246.800
<b>Skuldir, samtals</b>	<b>793.658</b>
<b>Eigið fé</b>	
Hlutafé	24.000
Yfirverð hlutafjár	126.000
<b>Eigið fé, samtals</b>	<b>150.000</b>
<b>Skuldir og eigið fé, samtals</b>	<b>943.658</b>

\*Stofnefnahagur m.v. 8. október 2008 endurspeglar gangvirði yfirtækna eigna og skulda frá Landsbanka Íslands hf. Virði þeirra er ákvarðað í samræmi við IFRS 3 (2008).